

Ed.

537. Breytingartillaga

við frv. til laga um útsvör.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 6. gr. II. 2. Fyrir orðin »Annars kostar skal ... « til enda liðsins komi: Ef hreppsnefnd hefir grun um, að samvinnufjelag beiti undanbrögðum til að komast hjá rjettmætu útsvari, skal áætla þessi skifti og leggja útsvar á fjelagið samkvæmt þeirri áætlun.